VERKALÝÐSBLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Íslenskt arðrán erlendis

SJÁ BAKSÍÐU

MAÓ TSETUNG:

Kenningin um þrjá heima

SJÁ BLS. 3

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (M-L) 3. ÁRGANGUR 6. TBL. 16. JÚNÍ - 12. JÚLÍ 100 kr.

(Mynd: VERKALÝÐSBLAÐIÐ)

Akureyri: Vantraust á ASÍ-samflotið

6. júní var haldinn á Akureyri fundir í Sveinafélagi járniðnaðarmanna um stöðuna í kjarasamningunum og fleiri mál. Á fundinum mættu 50-60 manns og voru umræður bæði almennar og "heitar". Hákon Hákonarson, formaður félagsins kynnti afgreiðslu sérkrafna og gang mála yfirleitt í samningunum og bar vinnubrögðum á Loftleiðahótelinu heldur illa sögunа (og þótti engum mikið!). Kom þar fram að allar sérkröfur verða trúlega afgreiddar með 2.5% álagi, auk þess sem yfir vofir að allar hækkanir á álög falli niður - bæði samningshækkanir og vísitöluhækkanir.

Hér er um að ræða kröfur sem varða stóran hluta af kaupupphæð iðnaðarmanna og slík afgreiðsla sérkrafnanna er hreint tilræði við kjör þeirra!

Niðurstaða fundarins varð því mikil og almenn óánægja með samflotið stóra sem innleitt hefur verið í kjarasamningana og það að Málm- og skipasmíðasambandið skuli taka þátt í því.

Þá var á fundinum fordæmd herferð í nafni "láglaunastefnu" sem farin er á hendur iðnaðarmönnum, en að baki hennar standa öll flokksmálgögnin og forysta Alþýðusambandsins. Á fundinum voru og uppi háværar raddir um úrsögn Málm- og skipasmíðasambandsins úr Alþýðusambandi Ísl.

Borin var upp á fundinum tillaga um aðskilnað Sveinafélags járniðnaðarmanna úr samfloti ASÍ í kjarasamningunum. Formaður félagsins lagðist þungt gegn henni, sagði of seint að slíta tengslin við ASÍ í yfirstandandi samningum - samningarnir væru á viðkvæmu augnabliki. En menn munu geta spurt á móti hvort einhvern tíma sé of seint að yfirgefa sökkvandi skip. En hvað um það, tillagan var felld og var afstaða formannsins þar þyngst á metum.

Verkalýðsfréttaritari

Samningarnir sýna

Stefna ASÍ-forystunnar er svik!

HAFNARVERKAMENN SÝNDU FORDÆMI Í KJARABARÁTTUNNI - VERKAFÓLK VERÐUR AÐ HAFNA SVIKULLI FORYSTU OG HEFJA MERKI VIRKRAR BARÁTTUSTEFNU Á LOFT! (Mynd: VERKALÝÐSBLAÐIÐ)

Samningarnir

Nú líður senn að því að kjarasamningum verði lokið. Búið er að "afgreiða" sérkröfur flestra hópa og semja um vísitöluna.

Undir lok samninganna er rétt að rifja upp hverjar helstu kröfur hreyfingarinnar voru við upphaf þeirra. ASÍ-þingið krafðist 100 þús. kr. lágmarkslauna sem nú er sem næst 114 þús. kr. mánaðarlega ef tekið er tillit til verðhækkana. Krafist var fullra vísitölubóta á laun, sem greiðast skyldu mánaðarlega.

HVERJAR VERÐA EFNDIRNAR?

1. Stærstar líkur eru nú á, að umræðugrundvöllur sáttanefndar verði samþykktur í höfuðatriðum en hann gerir ráð fyrir hækkun lægstu launa í ca. 90.000 kr. í áföngum. Verði hækkunin ekki meiri, er verkafólk nauðbeygt til svipaðrar vinnuþrælkunar og áður. Því fer fjarri að svip-

FRAMHALD Á BLS. 4

Baráttuaðferðir ASÍ

Yfirvinnubannið og hin makalausa verkfallssería sem stendur nú yfir, hafa opnað augu fjölmargs verkafólks fyrir raunverulegri stöðu sjálfrar forystu Alþýðusambandsins í auðvaldsskipulaginu á Íslandi. Verkafólk hefur sjaldan fengið betra tækifæri til þess að sannfærast um að inntak "baráttu" ASÍ-forystunnar er ekki það að gagnast verkafólkinu og vera leiðandi í baráttunni gegn atvinnurekendum og ríkisvaldi þeirra. Hluti ASÍ-forystunnar tilheyrir alls ekki verkalýðsstéttinni, hann er því falskur vinur í baráttunni.

Því þarf ekki að koma á óvart, að yfirleitt allar aðgerðir ASÍ-forystunnar í yfirstandandi kjarasamningum hafa miðast við það að skaða hag atvinnurekenda sem minnst, í stað þess að reyna að láta þessar aðgerðir hafa sem minnst áhrif á kjör verkafólks.

1. EIK(m-l) bentu á það í maí, að yfirvinnubannið myndi alls ekki ýta á eftir kjarasamningum heldur myndi það fyrst og fremst draga verulega úr baráttuþreki þess og neyða það til að sætta sig við verri samninga en ella. Þessi spá hefur ræst fullkomlega og yfirvinnubannið sætir almennri gagnrýni. Fólk krefst nýrra, harðari aðgerða. T.d. hafa járniðnaðarmenn á Ísafirði lýst yfirvinnubannið gagnlaust, en lýsa fullum stuðningi við harðari aðgerðir

2. ASÍ-forystan hefur staglast á því að yfirvinnubannið sýni í reynd að "þetta þjóðfélag sé rekið með yfirvinnu". Þetta finnur verkafólk á skrokknum á sér og þarf ekki að segja því

FRAMHALD Á BLS. 6

Mikill sigur fyrir starfsfólk í veitingahúsum

Þegar "skyndiverkfall" ASÍ-forystunnar skall á 3. júní, skipulögðu nokkur verkalýðsfélög verkfallsvaktir, þó svo að verkfallinu væri aðeins ætlað að standa yfir í einn dag. Það kom enda í ljós að nauðsynlegt var að skipuleggja slíkar vaktir.

Átök og meiðsli.

Einna hörðustu átökin áttu sér stað á svæði Félags starfsfólks í veitingarhúsum um miðjan dag. T.d. hélt eigandi Brauðbæjar húsinu opnu þar til verkfallsvakt kom á staðinn og með hönd í hönd var staðnum lokað. Ekki vildi eigandinn sætta sig við þessi málalok, varð honum heitt í hamsi og lét margt óprenthæft sér um munn fara að þessu tilefni. En þá gerðist alvarlegasti atburður dagsins: Brauðbæjareigandinn missti stjórn á skapi sínu og réðist á verkfallsverðina með þeim afleiðingum að tvær konur slösuðust nokkuð.

FRAMHALD Á BLS. 4

Leiðari: Heimsvaldastefnan ber í skauti sér heimsstyrjöld

Heimsvaldastefnan ber heims-styrjaldir í skauti sér

Sem endranær horfir ófriðlega í heiminum. Stríðsástand ríkir í Zaire, Spánsku Sahara, Eritreu og víðar. Kommúnistar vara við nýrri heimsstyrjöld, en auðvaldspressan staglast á því að aldrei hafi horft svo friðvænlega í heiminum, og hvetur til að allar deilur verði leystar með samningum milli risaveldanna. Hvað er rétt í þessu máli? Hvorir hafa rétt fyrir sér, kommúnistar eða auðvaldspressan? Í hverju liggur stríðshættan?

Mao Tsetung sagði eitt sinn: "Þegar andstæður milli stétta, þjóða eða stjórnmálafylkinga hafa náð ákveðnu þróunarstigi, nær baráttan fyrir úrlausn þeirra hámarki í stríði. Styrjaldir hafa verið háðar allt frá því að einkaeignarétturinn kom til sögunnar". Þetta viljum við taka undir og höldum því fram, að styrjöldum verði ekki endanlega útrýmt fyrr en gengið hefur verið að auðvaldsskipulaginu dauðu.

Auðvaldsríkin eru mjög mismunandi að styrkleika. Sum eru augljóslega mjög skammt komin, í öðrum eru framleiðsluöflin mjög háþróuð. Fá en voldug heimsvaldaríki drottna yfir heiminum, en eins og Lenín sagði, er eitt einkenni heimsvaldastefnunnar að "skiptingu á löndum jarðarinnar milli auðvaldsríkja er lokið." Í dag eru þessi ríki helst Sovétríkin, Bandaríkin og lönd Efnahagsbandalagsins (EBE), Japan o.fl. Þar af eru Bandaríkin og Sovétríkin, sterkust og milli þeirra fyrst og fremst stendur baráttan um heimsyfirráð. Það ber þó ekki svo að skilja að þessi ríki standi jafnfætis. Bandaríkin eru enn sem komið er sterkari, þau hafa yfir að ráða þróaðri framleiðsluöflum, og hafa haft lengri tíma til að hreiðra um sig víðs vegar í heiminum, höfðu enda langsterkasta stöðu allra ríkja eftir aðra heimsstyrjöld. Sovétríkin hins vegar eru ungt auðvaldsríki, þ.e. heimsveldi á uppleið. Sósíalisminn beið þar tímabundinn ósigur 1956, en skrifræðisklíku endurskoðunarsinna tókst að hrifsa til sín völdin. Hún hefur síðan umbreytt Sovétríkjunum í fasískt auðvaldsríki. Á þessum tíma hafa Sovétríkin gert alþýðulýðveldi A-Evrópu að leppríkjum og nú á síðustu árum reynt eftir mætti að afla sér ítaka í öðrum heimshlutum bæði meðal nýfrjálsra ríkja og í Vestur-Evrópu. Vöxtur þeirra á kostnað Bandar. og þörf fyrir athafnarými í heiminum felur í sér meiri styrjaldarhættu frá risaveldunum.

ANDSTÆÐINGAR HEIMSVALDASTEFNUNNAR

Það verður aðeins unnið gegn yfirgangi og stríðsstefnu risaveldanna með harðri baráttu. Þar hefur barátta kúgaðrar alþýðu þriðja heimsins skipt mestu máli en hún hefur valdið heimsvaldastefnunni þungum búsifjum. Þar hefur verið um að ræða bæði þjóðfrelsisbaráttu sem leidd hefur verið til sósíalískrar byltingar og einnig baráttu kapítalískra ríkja 3ja heimsins fyrir efnahagslegu sjálfræði. Samtakamyndun þeirra til að halda uppi hráefnaverði hefur skipt geysimiklu máli.

Verkalýður auðvaldslandanna er einnig einhlýtur [illegible]ingur heimsvaldastefnu og stríðs. Í bandalagi við hann eru vinnandi smáborgarar. Eftir sigur endurskoðunarstefnu í Sovétríkjunum og kommúnistaflokkum flestra alþýðulýðveldanna og auðvaldslanda Vestur-Evrópu, hófst tímabundið hnignunarskeið verkalýðshreyfingarinnar. En baráttusinnuð verkalýðshreyfing rís á ný í þessum löndum. Marx-lenínískir flokkar hafa verið endurreistir í flestum þessara landa og eru á ný að verða umtalsvert afl, t.d. í Noregi, Póllandi og víðar. Í kjölfar þessa og samhliða, eflist verkalýðshreyfing á baráttugrundvelli á kostnað endurskoðunarstefnu og stéttasamvinnustefnu.

Þá eru sósíalísku ríkin með Kína og Albaníu í broddi fylkingar tryggir bandamenn alþýðunnar í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni.

Ýmis minniháttar heimsvaldaríki geta tekið tímabundna afstöðu gegn risaveldunum og yfirgangi þeirra. Sú afstaða miðast þó eingöngu við hagsmuni auðvalds viðkomandi lands (vel að merkja ekki hagsmuni alþýðunnar) og þau hvika frá þeirri afstöðu um leið og hagsmunir þeirra bjóða þeim það. Þessi andstaða skiptir þó máli í því tilliti að draga úr styrk risaveldanna. Gott dæmi um þetta er útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur, en stuttu eftir hana var samið um fiskveiðiheimildir vegna viðskiptahagsmuna ísl. auðvaldsins í EBE-löndunum.

HEIMSVALDASTEFNAN BER HEIMSSTYRJALDIR Í SKAUTI SÍNU

Nokkru fyrir dauða sinn sagði forsætisráðherra Kína, Sjú Enlæ: "Aðeins bylting getur komið í veg fyrir stríð." Eftir öllum sólarmerkjum að dæma er þróunin til stríðs hraðari en þróunin til byltingar. Það sýnir t.d. stöðugt harðari barátta risaveldanna og leppríkja þeirra um ítök í 3ja heiminum, fyrst og fremst í Afríku. Um það eru Angóla og Zaire glögg dæmi.

Árangur Sovétríkjanna í Evrópu fer vaxandi. Dæmi um það eru síharðnandi tök þeirra á Finnlandi og kröfur þeirra um yfirráð yfir norsku landi og hafsvæðum (Svalbarði - hluti Barentshafsins). Þá má nefna æðisgengið vígbúnaðarkapphlaup og herstyrk risaveldanna sem fer fram þrátt fyrir allt friðarhjal af þeirra hálfu og Saltviðræður. Merki um þetta er einnig minni áhersla á hina svo nefndu "slökunarstefnu". Allt eru þetta merki um þróun til nýs uppskiptastríðs milli risaveldanna. Það er fyrst og fremst verkalýður auðvaldslandanna og alþýða 3ja heimsins með dyggum stuðningi sósíalísku ríkjanna, sem með baráttu sinni getur komið í veg fyrir styrjöld. Þessi baráttuöfl eru einnig þau einu sem standa munu vörð um frið og friðsamlega sambúð alþýðunnar um allan heim gegn tortímingarherferð heimsvaldasinna.

En hvert er hlutverk ísl. alþýðu og kommúnista í þessu máli?

1. Nauðsynlegt er að reka upplýsinga- og áróðursstarf meðal alþýðunnar um tilvist stríðshættunnar og afhjúpa um leið allt tal um að aldrei hafi horft jafn friðvænlega í heiminum og nú.
2. Það verður að efla baráttu andheimsvaldasinna og leggja áherslu á að þeir beini kröftum sínum gegn báðum risaveldunum.
3. Berjast verður kröftuglega gegn erlendri stóriðju á Íslandi.
4. Það verður að leggja áherslu á að aðeins ísl. alþýða mun berjast fyrir vörn íslensks sjálfræðis. Sagan sýnir að smáþjóðir geta staðið risaveldunum eða sér mun stærri ríkjum á sporði. Dæmi um það eru barátta víetnamskrar alþýðu og Polisario-hreyfingarinnar í Spánsku Sahara.
5. Það verður að vera ljóst að það er einungis lýðræðisleg fjöldahreyfing alþýðunnar sem getur barist til sigurs gegn heimsvaldastefnunni og yfirgangs- og stríðsstefnu risaveldanna. Stórvelda- og Helsinkiráðstefnur gegna miklu frekar því hlutverki að hylja andstæður milli stétta og ríkja, ýta undir þá blekkingu að friður geti ríkt á skeiði heimsvaldastefnunnar.

Almannavarnir og NATO

Um allan heim sjást nú merki um sífellt vaxandi stríðsundirbúning risaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Er þar bæði um að ræða stöðugt harðnandi átök í þriðja heiminum, þar sem annað risaveldið reynir að auka sitt eigið áhrifasvæði á kostnað hins og einnig má nefna aukinn vígbúnað og stöðugar heræfingar, bæði í Evrópu og á úthöfum. Hér á Íslandi sjáum við einnig ótvíræð merki um stríðsundirbúning risaveldanna. Hér skal greint frá einu dæmi um slíkt.

21. maí s.l. fór fram á Norðurlandi æfing sem sögð var vera á vegum Almannavarna ríkisins og flugmálastjórnar, í þeim tilgangi að æfa leit að týndri flugvél til að bjarga áhöfn hennar og farþegum. Þátt í æfingunni tóku ýmsar hjálpar- og "björgunar"sveitir, svo sem úr NATO-hernum af Miðnesheiði, sem mættur var fyrir norðan með stórar herflutningaflugvélar.

Nú má augljóst vera að tilgangur Bandaríkjanna með því að hafa herlið á Íslandi, er ekki sá að vera hjálparsveitum skáta til aðstoðar þegar á þarf að halda. Herinn er hér til að standa vörð um hagsmuni bandarísku heimsvaldastefnunnar og er bakhjarl íslenskrar borgarastéttar við varðveislu og viðhald auðvaldsskipulagsins á Íslandi. Bandarískri herinn er hér til að koma í veg fyrir að hitt risaveldið nái hér ítökum eða ógni þeirri aðstöðu sem amerísk auðvaldið hefur hér á landi. Bandarískri herinn mun örugglega blanda sér í átök, þegar íslensk alþýða tekur að brjóta af sér fjötra innlendrar og erlendrar borgarastéttar. Það er því ljóst að þegar okkur er sagt að varnarliðið hafi verið með þyrlu hér fyrir norðan til þess að æfa flutninga á slösuðu fólki á sjúkrahús, þá er öllu líklegra að þeir séu að æfa flutning á herliði út um land.

Verkalýðsfréttaritari
Akureyri.

Brésneff í ham

nú einnig forseti

Nú fyrir skömmu var forseti Sovétr. settur af og Brésneff gerði sig að forseta. Ný stefnuskrá hefur verið samþykkt og er sú afar merkilegt plagg Hún segir m.a. að Sovétríkin séu ekki lengur samsett úr hinum mismunandi þjóðum, heldur séu þjóðirnar runnar saman í eina. Sovétríkin eru því nú Sovétríkið. Stjórnarskráin segir líka að ekki sé til nem ein stétt í Sovét - öreigastéttin - og því sé ekki lengur þörf á alræði öreiganna. Samkvæmt stjórnarskránni er það því afnumið. Það sem gerðist í verki fyrir um tuttugu árum er nú fullgert í orði og lögum.

Stjórnarskrárbreytingin í Sovétr. er enn eitt dæmið um stríðsundirbúning heimsvaldasinnanna í Kreml.

Stríðsundirbúningur risaveldanna

Heræfingar þrátt fyrir friðarhjal

Það var haldin ráðstefna um "frið" í Helsinki og oft er vitnað til pappírsgagnanna sem þar urðu til og það á víst að halda aðra slíka ráðstefnu í sumar - í Belgrad. En segir veruleikinn okkur að friðvænlegar horfi nú í heiminum? Nei, aldeilis ekki. Vopnaframleiðsla og vígbúnaður risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, hefur aldrei verið meiri - heræfingar og viðbúnaður annar hefur aldrei verið umfangsmeiri. Er þetta nægilegt til að segja okkur að 3. heimsstyrjöldin sé fyrir dyrum.

Við skulum skoða fáeinar staðreyndir:

Kapphlaup risaveldanna um heimsyfirráð nær til allra heimshluta. Þetta kapphlaup er efnahagslegt, pólitískt og hernaðarlegt og brennipunktur þess er í Evrópu. Evrópa með allan sinn iðnað, tækni, markaði og gróðamöguleika er lykill að heimsdrottnun.

Aðalátakapunkturinn í Evrópu er Skandinavía og meginland Evrópu. Þetta sýna m.a. fjölmargar umfangsmiklar heræfingar risaveldanna og hernaðarbandalaga þeirra síðustu árin. Stærstar og mestar voru æfingar sem nefndust OKEAN 75 og "Teamwork".

Teygði sig um allan heim

Æfingin OKEAN 75 sem Sovétríkin og Varsjárbandalagið stóðu fyrir 1975 teygði sig um heim allan. Mörg atriði æfingar þessarar eru eftirtektarverð:

+ Herskip sem komu frá Murmansk girtu Barentshaf algerlega af með því að setja flotaeiningar niður á nokkra mikilvæga staði.

+ Skip úr Eystrasaltsflotanum fóru út gegnum Eyrarsund og tóku öll völd á Norðursjó og við Skagerak. Skip úr þessum flota voru og við Noregsstrendur.

+ Flotadeild sigldi gegnum Bosporus, áfram gegnum Miðjarðarhaf og út á Atlantshaf. Þannig æfði Sovétflotinn það að varna amerísku flotanum að ná höfn í Evrópu, með því að mynda "varnarkeðju" herskipa langt út á hafi.

+ Samtímis þessu æfðu stórefli landsveitir sókn úr austri í átt til Miðevrópu.

+ Allar þessar aðgerðir voru studdar af flugsveitum.

+ Á Kólaskaga æfðu kafbátaeiningar sovéska hersins landgöngu í Noregi.

Svar NATO

Svar NATO við OKEAN var "Teamwork"- æfingin, en Teamwork var raunar aðeins hluti mun víðfeðmari æfingar - Autumn Forge - í september 1976.

Meir en 250 þús. manns, 400 flugvélar og 1500 skip voru með í þessari stærstu NATO-æfingu fram að þessu.

Sitthvað athyglisvert kom í ljós á þessari NATO-æfingu.

Annars vegar fór NATO-flotinn ekki lengra norður með Noregi en til Þrændalaga - líkt því sem ætlið gerðist áður (sem þýðir það að bandarískir heimsvaldasinnar hafa viðurkennt í verki vaxandi styrk sósíalheimsvaldastefnunnar og hafa viðurkennt að nyrsti hluti Noregs sé orðinn áhrifasvæði Sovétríkjanna!)

Hins vegar var athyglisvert að NATO lagði mikla áherslu á beitingu kjarnavopna í hugsanlegum styrjaldarátökum - beint svar við því að NATO hafði þurft að láta undan síga fyrir Sovétríkjunum á þessum slóðum. Málgagn Kommúnistaflokks verkamanna (m-l) í Noregi - KLASSEKAMPEN - afhjúpaði kjarnorkuvopnaæfingar bandarísku heimsvaldasinnanna og hafa þær afhjúpanir orðið hernaðarspekúlöntum mikið áhyggjuefni.

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

Það er auðvelt fyrir þann, sem vill kynna sér hvernig kenning Maos um þrjá heima hefur orðið til, að leita sér upplýsinga í heimildum. Í ritgerð sinni "Um stjórnmál" frá 1940, setti Mao fram þessa meginreglu: "Okkur ber að hagnýta mótþverfurnar, vinna fylgi fjöldans, berjast gegn fáveldinu og sigrast á fjendum vorum einum af öðrum". Mao kynnti sér mjög náið mótþverfurnar milli heimsvaldaríkjanna til þess að hafa af þeim gagn.

Í viðtali við Önnu Louise Strong frá 1946, ræðir Mao um löndin í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku sem "millisvæði" milli hinna heimsvaldasinnuðu og sósíalísku landa.

17. nóvember 1957 ávarpaði Mao kínverska stúdenta í Moskvu. Þá skýrði hann ma.: "Heimurinn í dag telur um 2700 milljónir manna; í sósíalískum löndum búa nálægt 1000 milljónir manna, í fyrrverandi nýlendum, sem hlotið hafa sjálfstæði, búa 700 milljónir og í þeim löndum, sem nú berjast fyrir sjálfstæði eða sjálfræði og þeim auðvaldslöndum, sem reyna að sýnast hlutlaus, er tala íbúa um 600 milljónir. Íbúafjöldi í hinum heimsvaldasinnuðu löndum er því aðeins um 400 milljónir, og það sem meira er, þar ríkir innbyrðis sundrung. "Jarðhræringar" munu gera vart við sig innan þeirra". (Tilvitnun úr "Comrade Mao Tse-tung on Imperialism and all Reactionaries are Paper Tigers", Peking 1966).

Í viðtali við japanska blaðamenn 1964 lýsti Mao auðvaldslöndum Evrópu sem "öðru millisvæði", sem ætti í vaxandi hagsmunaárekstrum við Bandaríkin (sem þá voru ráðandi heimsvaldaríkið).

Samstaða sósíalískra ríkja rofnaði í kjölfar hnignunar Sovétríkjanna. Sovétríkin breyttust - eins og Mao sagði fyrir um þegar 1964 - í að verða árásargjarnasta heimsvaldaríki veraldar. Í dag eru Sovétríkin og Bandaríkin einu ríkin, sem fær eru um að keppa um heimsyfirráðin.

Þrjátíu árum eftir síðari heimsstyrjöldina er þannig hægt að greina á milli þriggja svæða eða "heima" með andstæða hagsmuni sín á milli, en um leið samtengda hvorum öðrum.

+ Höfuðóvinurinn eru risaveldin tvö með 500 milljónir íbúa, en sem stjórnað er af fámennri klíku einokunar- og skrifræðisauðherra.

+ Höfuðaflið gegn risaveldunum er þriðji heimurinn með sína þrjá milljarða íbúa, uþb. 70% af íbúum jarðar.

+ Önnur lönd í heiminum (Evrópa, Kanada, Japan, Ástralía og Nýja Sjáland) með um 600 milljónir íbúa, eru vissulega heimsvaldasinnuð og mergsjúga lönd þriðja heimsins, en um leið er þeim í

Maó Tsetung: Kenningin um þrjá heima

Í GNISTAN, málgagni SKP, sem er bróðurflokkur EIK(m-l) í Svíþjóð, birtist um þessar mundir röð greina um kenningu Mao Tse-tungs um hina þrjá heima. Hér á eftir fer þýðing fyrstu greinarinnar í þessari greinaröð.

Í þessari fyrstu grein sýnir Per Carlén hvernig kenning Maos meitlaðist fram stig af stigi allt frá árinu 1940 og ennfremur, hvernig kenningin kemur inn á og útvíkkar kenningu Leníns um heimsvaldastefnuna.

vaxandi mæli ógnað af risaveldunum. Risaveldin má því skoða sem sameiginlegan óvin landa annars heimsins og þriðja heimsins, og ber því að leita samstöðu með þessum löndum.

Þessi skipting gerir heiminn viðráðanlegri í þeim rannsóknum á heimsástandinu sem marxlenínistar verða ávallt að gera, til þess að veita mestan mögulegan liðstyrk byltingunni á heimsmælikvarða og til þess að ákvarða skilyrðin fyrir byltingu í sínu eigin landi.

Frekari útlistun á Leníns.

Kenningin um hina þrjá heima er ekki "uppfinning" eða "uppspuni" af hendi Maos Tse-tungs eins og valdhafarnir í Sovét leggja málið upp í áróðri sínum. Strax árið 1964 réðist Sovét í fyrsta sinn á skiptingu Maos á heiminum í þrjá hluta eða svæði (sjá Jan Myrdal: Kina efter Mao). Kenningin er frekari útlistun á kenningu Leníns um heimsvaldastefnuna og vísindaleg samantekt á þeim breytingum, sem orðið hafa í heiminum síðar.

Lenín hélt því fram í greiningu sinni, að heimsvaldastefnan fæli í sér "ryskingar örfárra stórvelda í viðleitni þeirra til yfirdrottnunar". 1916 taldi Lenín að það mætti skipta heiminum í þrjá hluta: fyrst þann heimsvaldasinnaða (England, Frakkland, Japan, Þýskaland, Bandaríkin og Rússland), þá Austur-Evrópu og kúguð auðvaldslönd Balkanskagans, og loks nýlendur og hálfnýlendur.

Í ræðu á þingi þriðja alþjóðasambandsins - KOMINTERN - 1920, beitti Lenín aftur þessari þrískiptingu. Heimurinn samanstóð af:

1) Nýlendum og hálfnýlendum, þá með 1250 milljónir íbúa.

2) Þeim auðvaldslöndum, sem hagnast höfðu á fyrri heimstyrjöldinni og aukið völd sín að sama skapi (Bandaríkin, England, Japan), með 250 milljónir íbúa.

3) Loks þeim auðvaldslöndum, sem reyna að halda stöðu sinni, en sem haldið er aftur af bæði hernaðarlega og efnahagslega af sigurvegurunum. Þar bjuggu einnig um 250 milljónir manna.

Með fyrri heimsstyrjöldinni skerpast andstæðurnar all verulega milli örfárra drottnunargjarnra ríkja annars vegar og nýlendnanna hins vegar.

Árásirnar á Mao beinast gegn Lenín.

Þeim andmælum, sem í dag er beint gegn kenningu Maos um þrjá heima, er með sama hætti beint gegn Lenín.

Kenning Mao Tse-tungs færir Lenín 50 ár fram í tíma.

Sá algengi skilningur , sem nú ríkir, að afstaða Kína til heimsmálanna feli í sér "stuðning við erkiafturhaldssama aðila í Evrópu", beinist í sama mæli gegn pólitískum kenningum Leníns.

Lenín taldi mikilvægt að Sovétríkin vinguðust við viss auðvaldslönd í því augnamiði að einangra Bandaríkin, England og Japan. Það fyrirfinnast, sagði Lenín, "mörg borgaraleg ríki, sem hata okkur eins og borgaralegum ríkjum er eiginlegt, en sem á hinn bóginn kjósa frið með okkur sem kúguð ríki". Fyrir þær sakir vann Lenín ötullega að þeim samningum, sem síðar voru gerðir við Íran, Ítalíu, Þýskaland og mörg önnur ríki.

Síðustu árin sem Lenín lifði hóf hann að þróa kenninguna um að "skapa svigrúm" fyrir komandi stórstyrjöld, þannig að Sovétríkin hagnýttu sér frekar mótþverfurnar milli heimsvaldaríkjanna.

Í "Grundvelli lenínismans" skýrði Stalín hvers vegna Sovétríkjunum og verkalýð heimsins bæri að styðja jafnt emírinn í Afganistan sem borgarastétt Egyptalands. Mótþverfunum milli heimsvaldaríkjanna lýsti hann sem

FRAMHALD Á BLS. 6

Brésneff brýnir branda sína

Kremlverjar hafa enn á ný hafið mikla áróðursherferð gegn Alþýðulýðveldinu Kína, en eins og Brésneff sagði á dögunum: "Við aflögðum gagnrýni á kínversku stjórnina í nokkra mánuði eftir dauða Maos, en allan tímann héldu kínverskir leiðtogar uppi "and-sovéskum" áróðri í anda maóismans eins og þeir höfðu gert áður. Það er því ljóst að "maoistar" ráða enn lögum og lofum í Kína". Í veislu sem Kremlverjar héldu fyrir búlgarska endurskoðunarsinnann Todor Sjikov, einn fylgi spakasta áhangenda Kremlverja, kom Brésneff enn með ýmsar athyglisverðar yfirlýsingar varðandi Kína.

"...Annað mál er það að finnanleg eru öfl innan og utan Kína sem vilja berjast gegn sambandi við Sovétríkin. Þettu eru sömu öflin sem auka vilja alþjóðlega spennu. Þau hafa hættulegar áætlanir á prjónunum sem við verðum að berjast gegn", sagði Brésneff. Hann hélt áfram og sagði að leiðtogarnir í Peking túlkuðu ekki raunverulegar óskir kínverskar alþýðu (!).

Brésneff og hlaupatíkur hans um heim allan saka Kína um að æsa til styrjaldar. Þessar ásakanir berast frá Kreml, frá herrum sem stjórna herskipum á flestum heimshöfum og sem styðjast við hernaðarlega stuðningspunkta í Afríku og Latnesku-Ameríku, ásamt tugþúsundum af málaliðum í Angóla, og til skamms tíma einnig í Zaire.

Brésneff brýnir branda sína gegn kínverskri alþýðu og gegn alþýðu heimsins. Þessari staðreynd er sífellt erfiðara að leyna, einnig fyrir Brésneff og hlaupatíkur hans.

Söfnun handa PAC

Azanía (S-Afríka) er land kynþáttakúgunar og fasískrar undirokunar.

M.a. sitja þar nokkrir íslenskir fjárglæframenn og græða á eymd og kúgun hinnar blökku alþýðu. Eins og lesendur VERKALÝÐSBLAÐSINS muna e.t.v. hélt svonefnd Azanúnefnd fund til kynningar á baráttu þjóðfrelsissamtaka Azanía PAN AFRICANIST CONGRESS (PAC) sl. haust.

Stuðningsfólk nefndarinnar safnaði andvirði 75 enskra punda (um 26.000 kr). Hefur það fé borist PAC og þakkir PAC m.a. birst í VERKALÝÐSBLAÐINU.

EIK(m-l) og VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetja stuðningsmenn, lesendur og alla and-heimsvaldasinna að senda fé á gíró nr 72200-6 og reyna virka söfnun meðal alþýðu manna.

Víetnamnefndin skiptir um nafn

„Baráttuhreyfingin gegn heimsvalda stefnu"

Íslenska Víetnamnefndin hélt ráðstefnu 4. júní. Á ráðstefnunni opinberuðust greinilega þær andstæður sem eru milli þeirra sem kalla sig and-heimsvaldasinna, en styðja heimsvaldastefnu Sovétríkjanna, og hins vegar þeirra and-heimsvaldasinna sem vilja berjast gegn báðum risaveldunum, USA og Sovét, og allri heimsvaldastefnu hvar sem hún birtist.

Áður fyrr fylgdi Víetnamnefndin réttri stefnu með því að styðja baráttuna í Indókína skilyrðislaust, en nú hefur arftaki hennar, "Baráttuhreyfingin gegn heimsvaldastefnu" gerst eindreginn taumdragi sósíalheimsvaldastefnunnar!

Í stefnuskrá "Baráttuhreyfingarinnar gegn heimsvaldastefnu" segir: "Höfuðandstæðingurinn í þessari baráttu er heimsvaldastefna Bandaríkjanna og tengdra ríkja" - en tillaga frá fulltrúa EIK(m-l) og fulltrúa Palestínunefndarinnar um að í staðinn kæmi: "Andstæðingurinn í þessari baráttu er heimsvaldastefna hvar sem hún birtist" var felld (!) með atkvæðum trotskista, alþýðubandalagsfulltrúanna, fulltrúum Afríku- og Suður-Ameríkuhópanna o.fl.

Hvað veldur því að "and-heimsvaldasinnar" geta ekki sætt sig við tillögu um að barist skuli gegn heimsvaldastefnunni hvarvetna sem hún birtist?

Ástæðan er einföld: allir þeir sem stóðu að því að fella ofangreinda tillögu eru stuðningsmenn "verkalýðsríkisins" sem er í dag grimmt og gráðugt risaveldi í harðri samkeppni við Bandaríkin um ítök og drottnunaraðstöðu. Trotskistar eru beinir talsmenn sósíalheimsvaldastefnunnar og styðja m.a. Varsjárbandalagið sem "varnarbandalag verkalýðsríkja". Afríkuhópurinn hefur fylkt liði með útþenslu Sovétríkjanna í m.a. Angóla, forsprakkar hans og S-Ameríkuhópsins eru meðal þeirra sem dyggast breiða út lygar Kremlherranna um sósíalíska ríkið Kína - þekkt dæmi eru sögurnar um viðskipti Kína og Chile Alþýðubandalagið er talsmaður "friðsamlegu leiðarinnar til sósíalismans" - sömu kenningar og Krúsjeff og hans arftakar breiða um heimsbyggðina, einmitt þær kenningar sem leiddu alþýðu Chile varnarlausa í hendur Pinochetfasistanna!

Það er því lítil alvara á bak við yfirlýsingar "Baráttuhreyfingarinnar gegn heimsvaldastefnu" um stuðning við þá "sem berjast við fasisma og kúgun" þegar ekki má afhjúpa og berjast gegn fasisma og kúgun í Sovétríkjunum!

Yfirlýsingar forystumannanna um að "það sé ekki búið að sannfæra vinstrimenn um heimsvaldasinnað eðli Sovétríkjanna" eru aumt yfirklór. Hver sá and-heimsvaldasinni og vinstrimaður sem hefur augu og fylgist með veit hvað gerðist í Tékkóslóvakíu, í Angóla, í Kambódíu og í Víetnam - hann berst því gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Þeir sem kalla sig and-heimsvaldasinna, en snúast gegn tillögu um að berjast gegn allri heimsvaldastefnu hafa afhjúpað sig.

Straumsvíkurgangan
Samfylking eða kosningabrölt?

Sundrung og skemmdarverk einkenna störf trotskista í baráttunni gegn hernum. Þeir heimta frelsi til að flagga svikarafánum sínum yfir höfðum alþýðu. Alþýðan segir nei!

Undirbúningur

Alvarlegir gallar voru á undirbúningi miðnefndar sem endranær. Langtímaskipulag frá áfkvörðunardegi aðgerðanna til 21. maí var ekki til. Einnig skorti verulega á að félagar samtakanna, aðallega í hverfahópum, væru virkir í nokkurn tíma. Þess í stað var treyst á "reddingar" á síðustu stundu og alls kyns samtök. Hringt var þá í einhvern forvígismann stuðningssamtaka SH og hann beðinn að "redda" fólki með örstuttum fyrirvara. Þá var of lítið lagt upp úr persónulegri áróðursstarfsemi (smáfundir, dreifirit, götuauglýsingar), en þess í stað keyptar útvarpsauglýsingar fyrir tugi ef ekki hundruð þúsunda króna. Dreifirit nýttust illa vegna lítillar virkni meðfram t.d. viðtala við fólk.

Úr þessu verður að bæta. Fyrst og fremst þarf nákvæma undirbúningsáætlun og betra samband við almenna félaga SH. Þeir eru höfuðáróðurstækin.

Skráning

Alvarleg villa í starfi miðnefndar er fólgin í skráningu gönguf0lks. Með því að tryggja þrýsting á fólk og möguleika á að hringja alla úr út daginn fyrir gönguna.

Í raun og veru, er þetta algjör óþarfi og kostnaðarauki. Ekkert segir að göngumenn verði fleiri vegna skráningarinnar. Miklu meir ræðst af veðri, áróðri og hvatningu. Svona skráning tíðkast hvergi í nágrannalöndunum.

Alvarlegasta atriðið er þó að símtölin fara öll um síma að Tryggvagötu 10 í Rvk. Þá er auðvelt að hlera og þar með skrá ótal and-heimsvaldasinna. Að auki geymir miðnefnd mikla spjaldskrá, sumt tölvuraðað að sögn.

Hvar eru nú allar varúðarráðstafanir gagnvart hinu hættulega bandarísku heimsveldi og útsendurum risaveldanna innan samtakanna?

Stefnan

Einn af þremur þáttum orsakarinnar fyrir minni göngu í ár er sá að miðnefnd hafði hvorki uppi kröfur gegn erlendri stóriðju og fiskveiðisamningum né gegn hernaðarátökum hins heimsvaldasinnaða Varsjárbandalags. Samtök herstöðvaandstæðinga ná ekki að mynda breiðfylkingu án þessara sjálfsögðu krafna. Og hvernig á sá sem er á móti NATO að geta þagað yfir arðráni og undirokun kapitalískra Sovétríkjanna í A-Evrópu?

Framkvæmdin

Gangan í ár var í öðru lagi flokkspólitískari en í fyrra. Margir sjá að hreinn meirihluti Alþýðubandalagsins í miðnefnd hefur tryggt flokknum góða stöðu fyrir næstu alþingiskosningar. 11 af þeim 22 einstaklingum sem fram komu 21. maí eru félagar AB eða virkir stuðningsmenn. Stjórnarþrá AB-forystunnar og röng fjöldastefna (þingsalabaráttа í stað utanþingsbaráttu) fældu margan alþýðumanninn frá göngunni.

Þriðja atriðið er kröfur og fánar göngunnar. Í stað þess að bera fánaborg með jafnmörgum þjóðfánum og rauðum fánum eingöngu, getur hver sem er troðið rauðum fánum inn, þannig að lítt pólitísku fólki þykir einum um of. Gangan er samfylking en ekki einkaganga rauðliða. Þá virðist ekki vera neinn hemill hafður á einkaframtaki rugludalla, sem birtast með fáránlegar kröfur, svo sem "öreigalýðræði í verkalýðsríkjunum" - þ.e. t.d. Sovétríkin, þar sem ómenguð kúgun á alls ekkert skylt við sósíalisma. Fólki hrýs hugur við að ganga undir svona bulli.

Þáttur Fylkingarinnar er stærstur í þessum klofningi. Keyrði þó um þverbak í ár þeg þegar Fylkingarmenn trönuðu fram félagsmerkjum Fylkingarinnar og klofningsklíka á borð við "4. alþjóðasambandið". Þetta er háðung við herstöðva- og NATO andstæðinga. Göngufólk hefur fullan rétt til að krefjast þess að kosin miðnefnd áfkveði kröfur og fána og að engin samtök fái að troða inn sínum eigin merkjum.

EIK(m-l) telja framferði Fylkingarinnar brot á öllum reglum samfylkingarinnar, fordæmir brölt þetta og krefst þess að komið verði algjörlega í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Fylkingin á ekki heima í röðum herstöðvaandstæðinga.

Að lokum

Kommúnistar beita fjöldastefnunni: Samfylkja öllum sem unnt er um brottvísun hersins, uppsögn varnarsamningsins og úrsögn úr NATO. Baráttan gegn öllum núverandi hernaðarbandalögum og vörn sjálfsákvörðunarréttar Íslands fylgir þessu óaðskilið. Risaveldin eru tvö, því er ekki hægt að horfa framhjá. Þessi afstaða á stuðning fólks allra flokka. Treysta verður á góða skipulagningu, öryggi þátttakanda gagnvart alls kyns andstæðingum, og á hina almennu félaga Samtaka herstöðvaandstæðinga í næsta sinn. Margt er ógert.

Samtíningur

Trotskisminn er ein greinin af endurskoðunarstefnunni, þ.e. fals-marxismi. Svona dags daglega liggur þetta ekki svo ljóst fyrir þorra alþýðufólks en svikaeðlið getur þó blasað við fyrir allra augum á stundum. Tökum nýlegt dæmi úr Neista, málgagni Fylkingarinnar. Neisti lagði til að prentarar skyldu veita Alþýðublaðinu og Þjóðviljanum undanþágu á prentun, ef til verkfalla kæmi, - á þeirri forsendu að þessi blöð væru blöð verkalýðsins!

Yfirgnæfandi hluti íslensks verkafólks hefur séð í gegnum "verkalýðsflokkinn" sem rekur Alþýðublaðið og stór hluti þess hefur séð að innan Alþýðubandalagsins er sami mjöður bruggaður. En trotskisminn, trúr eðli sínu sem alþýðufjandsamleg stefna, reynir að blekkja verkalýðinn og telja honum trú um að kratar allra flokka séu verkalýðssinnar. Enda stóð ekki á því að bæði Alþýðublaðið og Þjóðviljinn birtu þetta "óvænta" hrós.

Hvernig getur það verið stuðningur við verkafólk í baráttu þess að prentuð séu tvö blöð sem bjóða sömu vöruna, þ.e. nýja ríkisstjórn fyrir ríkisvald borgarastéttarinnar. Gömul krataúrræði í nýjum búningi eru sama svikastefnan og áður þegar Alþýðuflokkurinn sat í ríkisstjórn sem bannaði verkföll og þegar Alþýðubandalagið sat í ríkisstjórn sem afnam vísitölubindingu launa, hvað sem svo stendur í Neista.

"Þeir Íslendingar sem hafa kosið að fylkja sér um samtök herstöðvaandstæðinga líta á störf sín sem framlag smáþjóðar til heimsfriðarins og gegn hernaðarbrölti risaveldanna.."

Þannig hljóðaði kynning Gunnars Andréssonar, formanns "KFÍ/ML" á samtökum herstöðvaandstæðinga í Dagblaðinu á dögunum. En er þetta sönn mynd af samtökum herstöðvaandstæðinga? Það verður að teljast í meira lagi hæpið á meðan ekki fæst samþykkt á ráðstefnum samtakanna yfirlýst andstaða við útþenslu Sovétríkjanna, á meðan beinn áróður er rekinn fyrir sósíalheimsvaldastefnunni í dagskrá

Straumsvíkurgöngu, á meðan vinir Varsjárbandalagsins (Fylkingin) fá óáreittir að reka áróður gegn þeim öflum í heiminum sem raunverulega vinna fyrir alþýðuna og friðinn, á meðan starf alþýðubandalagsforystunnar miðar að því að beina öllu afli herstöðvaandstæðinga ofan í kjörkassa merktu xG.

Samningarnir 1

aður kaupmáttur náist og var fyrir þremur-fjórum árum. Kjararánið á því enn að líðast.

2. Samkvæmt nýju samningunum skulu vísitölubætur miðast við svokallaða kaupgreiðsluvísitölu, þ.e. falsaða framfærsluvísitölu. Út úr henni hafa verið teknir liðir eins og launaliðir bóndans og áfengi og tóbak. Um það síðara sagði raunar Björn ASÍ-forseti í útvarpi, að það væri til mikilla bóta að losna við þessa liði, vegna þess að þeir hækkuðu svo ört! Auk þessa verða bæturnar aðeins greiddar á þriggja mánaða fresti og þær fyrstu ekki fyrr en 1. sept. - hvað á þá að verða um bæturnar 1. júní? Og fram til 1. sept. getur auðvaldið því étið upp stóran hluta af 1. áfanga kauphækkunarinnar. Í stað kröfunnar um mánaðarlegar bætur var samið um svokallaðan "verðbótaauka", þ.e. bætur sem virka aftur fyrir sig og eiga að vera meðaltal af mánaðarlegum vísitölubótum. Þetta kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en kjaraskerðingin á tímabilinu er komin yfir 1%. Þannig hafa verkalýðsforingjarnir samningsfest 1% kjaraskerðingu á hverjum ársfjórðungi auk þeirrar kjaraskerðingar sem ekki kemur fram í hinni skertu vísitölu.

3. Sérkröfurnar hafa verið afgreiddar með upphæð, sem samsvari 2.5% kauphækkun til uppfyllingar kröfunum. Með þessu er verkafólki att saman um molana sem atvinnurekendur og ASÍ-forystan fleygja í það. 2.5% eru fyrirfram ákveðin upphæð, sem engan veginn nægir í þær sérkröfur sem mörg félaganna gerðu.

Það alvarlegasta við þessa afgreiðslu á sérkröfum er, að það á að gera að reglu að sérkröfur einstakra sambanda og félaga verði þurrkaðar út með prósentuhækkun sem þessari. Verði þetta að reglu, er í framtíðinni tilgangslaust fyrir félög og sambönd að hafa upp einhverjar sérkröfur yfirleitt, þótt þær séu viðkomandi mjög mikilvægar, örlög þeirra eru fyrirfram ráðin. EIK(m-l) hafa oft áður bent á að eitt af einkennum stóru samflotanna og fámennisvalds í verkalýðshreyfingunni er einmitt þetta, að öllum sérkröfum er stungið undir stól.

4. Gangist samninganefnd ASÍ inn á sáttanefndartilboðið, stað festir það enn einu sinni að forysta ASÍ fellst á allar þær forsendur sem atvinnurekendur og ríkisvald þeirra setja fyrir kjarabótum, en þær eru "bættur hagur þjóðarbúsins og atvinnuveganna". Með öðrum orðum: aukinn gróði. Forystan er því í reynd farin að láta ríkisvaldið skammta verkafólki kjarabætur. Benda má á að Geir Gunnarsson, þingmaður Alþýðubandalags og einn af forystumönnum þess, á sæti í sáttanefnd og á hann þar með sinn þátt í sáttatilboðinu. Tæplega verður sagt að hann reki þar stefnu sem mjög sé í andstöðu við skoðanir ráðandi flokksbræðra sinna í Alþýðubandalaginu og ASÍ-forystunni.

EIK(m-l) hafa ætíð sagt, að forsenda bættra kjara sé fyrst og fremst hörð barátta. Atvinnurekendur og ríki borga ekki hærra kaup að fyrra bragði og án átaka!

5. Þá er enn einu sinni að endurtaka sig skrípaleikurinn um "hliðarráðstafanir" ríkisvaldsins, svo sem skattabreytingar o.fl. sem eiga að gilda sem svo og svo miklar kauphækkanir. Það hefur verið samið um slíkar hliðarráðstafanir í hvert og eitt einasta sinn sem samið hefur verið undanfarin ár og útkoman alltaf orðið hin sama: litlar sem engar efndir, svik og blekkingar.

6. Hin svokallaða "óróleg deild" Alþýðubandalags og raunar Fylkingin líka leggja til að samningstíminn verði til eins árs, vegna þess að kosningar séu að ári!!! Það á að vera hvati að stofnun nýrrar vinstri stjórnar (og þá væntanlega undir forystu AB).

EIK(m-l) hvetja til þess að samningstíminn verði ekki til lengri tíma en febrúar 1978. Vor og sumar er yfirleitt versti tíminn til samninga. EIK(m-l) hafa einnig oft bent á: Það breytir engu um kjör verkalýðs, hvort við völd er hægri eða "vinstri" stjórn. Stjórn svokallaðra verkalýðsflokka (Alþýðubandalags og Alþýðuflokks) getur ekki breytt neinu um sjálft stéttareðli ríkisvaldsins. Hún breytir ekki því að auðvaldið hefur öll völd í þjóðfélaginu í sínum höndum og ríkisstjórnar er að fylgja eftir hagsmunum þess. Þess vegna er krafan um nýja "vinstri" stjórn blekkingarkrafa og á engan rétt á sér.

Mikill sigur 1

Öldurhúsaeigendur og FSV

Að kvöldi hins 3. júní auglýstu skemmtistaðir að opið yrði um kvöldið, eins og ekkert hefði í skorist. Sú aðgerð var auðvitað ekkert annað en bein ögrun við verkafólk í veitingahúsunum og á móti þessum auglýsingum hvatti Félag starfsfólks í veitingahúsum (FSV) félagsmenn og annað verkafólk til að mæta á verkfallsvaktir um kvöldið. Strax kl. 21 fór hópur manna að veitingahúsinu Sesar, en fjöldi verkafólks hafði mætt á skrifstofu FSV um kvöldið. Þeir sem komu að Sesari sáu fljótt að gestir voru innan dyra í veitingahúsinu og var því kallað á meiri liðssöfnuð að Sesari. Um kl. 21.30 var búið að mynda fjórfalda röð fyrir framan inngöngudyr öldurhússins þannig að enginn komst út eða inn. Ekki vildu margir brennivínssjúkir Reykvíkingar sætta sig við þessi málalok og urðu af nokkrar ryskingar. Þar sem eigendur Sesars eru ekki aðilar að samtökum atvinnurekenda eða félagi öldurhúsaeigenda, þá vildu þeir ekkert við stjórnarmenn FSV tala. Að lokum féllust þeir þó á að ræða málin - með því skilyrði þó að lögregluvarðstjóri væri viðstaddur!!!! Þannig komst lögreglan, eitt af valdatækjum borgarastéttarinnar í spilið. Gegndi varðstjóri síðan því hlutverki að sætta deiluaðila!

Mikill sigur fyrir starfsfólk veitingahúsa

Eigendur Sesars höfðu fram að þessu ekki viðurkennt FSV sem gildan samningsaðila. En þarna voru þeir neyddir til þess og báðust auk þess afsökunar á verkfallsbrotinu! Var þessu vel tekið að vonum.

Einingarsamtök kommúnista og VERKALÝÐSBLAÐIÐ senda starfsfólki veitingahúsa baráttukveðjur.

GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ RAUNVERULEGUM BARÁTTUTÆKJUM VERKAFÓLKS!

gerist áskrifendur

Hvað er sjálfsákvörðunarréttur þjóðar?

Einingarsamtök kommúnista (m-l) hafa margoft sagt, að baráttan fyrir verndun auðlinda hafsins við Ísland og baráttan gegn erlendu auðmagni á Íslandi tengist óhjákvæmilega baráttunni fyrir verndun sjálfsákvörðunarréttarins. Þessi staðhæfing hefur eðlilega verið allt of stór biti að kyngja fyrir skrautlegan flokk hentistefnumanna og endurskoðunarsinna úr Alþýðubandalagi, Fylkingunni og "Kommúnistaflokknum" (sem liggur banaleguna þessa dagana). "Sjálfsákvörðunarréttur þjóðar" er alls ekki til í hugtakasafni Alþýðubandalagsins, heldur heitir t.d. landhelgisbaráttan í þess munni "barátta ísl. þjóðarinnar eða þjóðarsamstaða(!)" um skynsamlega nýtingu fiskistofna. Fylkingin þekkir enn síður til þessa hugtaks: stuðningur við 200 mílna landhelgi er liðveisla við auðvaldið í þeirra augum og innflutningur erlends auðmagns er stórkostlega framsækin athöfn, því þá fjölgar álverum, járnblendiverksmiðjum og fleiri stórum vinnustöðum í eigu erlendra auðhringa - sem þýðir auðvitað ekki annað en stórkostlega fjölgun verkafólks á Íslandi!!!!!! "Kommúnistaflokkurinn" hefur vissulega sveiflað hugtakinu sjálfsákvörðunarréttur og það svo ákaft, að Kristján Guðlaugsson, pólitískur ljósberi og hugmyndahugsuður hópsins, hefur sett fram kenningu um að sjálfsákvörðunarréttirnir séu tveir, en ekki einn: annar fyrir verkalýðinn og hinn fyrir borgarastéttina! Sér til stuðnings hefur hann gróflega falsaðar tilvitnanir í Lenín og e.t.v. fleiri frumkvöðla sósíalismans.

Hvað er þá sjálfsákvörðunarréttur þjóðar?

En nú er væntanlega spurt: hvað er sjálfsákvörðunarréttur þjóðar? Svarið er í stuttu máli þetta: Hann er einfaldlega réttur (stéttskiptrar) þjóðar til pólitísks sjálfstæðis og ríkjamyndunar. Það er stéttabaráttan í landinu sem hins vegar ákvarðar HVERNIG sjálfsákvörðunarréttinum er beitt. Sé sjálfsákvörðun skert vegna erlendra ítaka og drottnunartilburða, hefur það í för með sér erfiðleika.

Verkalýð og annarri vinnandi alþýðu er nauðsyn að sjálfsákvörðun sé sem mest, einmitt vegna þessa. Til dæmis eru allir sigrar ísl. alþýðu auðsóttari í sjálfráða smáríki, en undir "verndarvæng" NATO, Efnahagsbandalagsins, Sovétríkjanna o.s.frv. Möguleikar til sjálfbjarga þjóðfélags eru þannig meiri ella ef hörð barátta fyrir verndun sjálfsákvörðunarréttarins er tekin upp á Íslandi. Landhelgisbaráttan og baráttan

gegn erlendu auðmagni á Íslandi er liður í verndun sjálfsákvörðunarréttarins - gegn drottnun risaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, Efnahagsbandalagsins og öðrum heimsvaldarisum. 200 mílna landhelgi við Ísland ásamt úrsögn úr NATO myndi t.d. veikja áhrif og takmarka heimsvaldasinna mikið.

En borgarastéttin ver ekki sjálfsákvörðunarréttinn. Hann nota þeir til að versla með, eins og m.a. kom fram í nýafstöðnum viðræðum við EBE-fulltrúana í Reykjavík. Fyrir fiskveiðisamninga, veitingu aðstöðu handa NATO og leyfi til erlendra fjárfestinga aflar ríkið sér viðskiptasamninga og aðstöðu erlendis.

Þjóðleg öfl og framsækin eru því vinnandi alþýða og þá fyrst og fremst verkalýðsstéttin.

+ Til baráttu fyrir varðveislu sjálfsákvörðunarréttarins!
+ Enga veiðisamninga - til baráttu gegn innlendri og erlendri rányrkju!
+ Gegn erlendri stóriðju!
+ Ísland úr NATO - herinn burt!
+ Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna!

"Verkalýðsforingar" á ferð

Alþýðubandalagsforingjarnir hafa verið á ferð og flugi að undanförnu og boðað "íslenska atvinnustefnu". Mikið lið ABmanna með Lúðvík, Ragnar og Eðvarð fremsta kom m.a. til Akureyrar og hélt þar opinn fund. Stærðu þeir sig af því þar að hafa heimsótt alla stærstu iðnaðarvinnustaði bæjarins og "rætt við starfsfólkið". Rétt er að þeir heimsóttu staðina, en þetta með viðræðurnar "við starfsfólkið" er bara í meðallagi satt. Í Slippstöðina komu þeir og heilsuðu upp á Gunnar Ragnars forstjóra sem sýndi staðinn. Síðan sátu þeir að spjalli með honum yfir góðgerðum í 2-3 klukkustundir. Þegar starfsmenn svo komu í mat fékk flokksforinginn mikla löngun til að tala við þá. Hann stóð upp og hélt stutta ræðu um ágæti fyrirtækisins og "íslenska atvinnustefnu". Svo var það búið. Slippurum þótti ekki sterkur verkalýðssvipur yfir þessum verkalýðsforingjum, sérstaklega, þegar mest liggur á að þjappa sér saman gegn Gunnari Ragnars og stétt hans.

Slippari

Kæra Verkalýðsblað.

Jæja, þá hafa samtök herstöðvaandstæðinga gengið á ný. Vissulega verður að gera allt og fórna öllu til að koma NATO-hernum brott. En ætlar Fylkingin og Alþýðubandalagsforystan að gera það ein og án fjöldastuðnings? Það heppnast ekki. Þó Fylkingar-velunnarar veifi öllum fánum sínum í göngunni og Alþýðubandalagspáfarnir geri ekki neitt úr hættunni sem stafar af hernaðarútþenslu Sovétríkjanna nú, þá hefur það einungis öfug áhrif. Ég veit, að það verður fólk sem skilur, að frá Sovétríkjunum jafnt sem Bandaríkjunum, stafar hætta. Það fólk mun sannarlega fá herinn úr landi, og Íslendinga úr NATO. Því við viljum ekki gefa rússneskum herforingjum tilefni til að "frelsa" okkur undan erlendri hersetu, með vopnaðri árás. Því segi ég: Það verður að stofna ný samtök, sem hafa, stefnuskrábundið, baráttu gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, ásamt auðvitað allri annarri yfirgangsstefnu, t.d. frá Bretum. Fyrr munum við ekki losna úr NATO, og fyrr verður vinum sovésku fasistanna hér á landi ekki ljóst, að sovésk heimsvaldastefna á engann hljómgrunn, frekar en sú bandaríska hjá alþýðu landsins.

Látum ekki nein pólitísk samtök ráðast á baráttu okkar til verndar sjálfstæði landsins. Við skulum vera sjálfstæð, ekki bara segjast vera það. Ekki tvístíga.

Með þökk fyrir birting una.

Verslunarmaður

Viðræður EIK(m-l) og CCL(m-l)

Fulltrúar EIK(m-l) og Kommúnistasamtaka Kanada(marx-leníníста) - CCL(m-l) héldu nýlega með sér fund. Meðal umræðuefna var alþjóðaástandið og baráttan gegn nútíma endurskoðunarstefnu, nýlendustefnu, heimsvaldastefnu og risaveldunum. Einnig ástandið í hvoru landi fyrir sig, leiðin til sósíalískrar byltingar og þróun stéttabaráttu og baráttan fyrir 200 mílna landhelgi. Á voru og til umræðu málefni er varða byggingu hins marx-leníníska kommúnistaflokks, sameining marx-lenínista í báðum löndum og baráttan gegn henti- og endurskoðunarstefnu í báðum löndum. Bæði samtökin lýstu yfir gagnkvæmum stuðningi við baráttuna og voru fundir fulltrúanna haldnir í sönnum anda alþjóðahyggju öreiganna og eru mikilvægur áfangi á þeirri braut að byggja traust vináttubönd ísl. og kanadískrar alþýðu.

Kveðjur til EIK(m-l)

Miðstjórn EIK(m-l) hefur móttekið kveðju frá PCR í Chile (Kommúnistaflokki Chile byltingarsinnunum). Þar þakkar flokkurinn stuðningsyfirlýsingu EIK(m-l) við PCR og fjárupphæð sem safnað var á Íslandi til handa PCR, að frumkvæði EIK (m-l).

ooooo000ooooo

Kommúnistaflokkur Portúgals (endurreistur) sendi EIK(m-l) kveðju í tilefni af II. landsþingi flokksins í apríl. Þar lýsir flokkurinn fyllsta stuðningi við baráttu EIK(m-l) gegn auðvaldi, endurskoðunarstefnu og heimsvaldastefnu - fyrir sósíalismanum. Í kveðju portúgalska bróðurflokksins er lögð á það áhersla að nútíma endurskoðunarsinnar gegni alls staðar hlutverki hlaupatíka sovésku sósíalheimsvaldasinnanna. Einnig leggur flokkurinn áherslu á baráttu fyrir einingu hinnar marx-leníníska heimshreyfingar.

Kveðjur frá EIK(m-l)

EIK(m-l) hafa sent Kommúnistaflokki Svíþjóðar kveðju í tilefni af því að flokkurinn (SKP) hefur sigrast á endurskoðunarsinnaðri sundrungarklíku í flokknum, sem háð hefur starfi hans meðal fjöldans í Svíþjóð. "Við erum viss um að hvorki nútíma endurskoðunarstefnan né aðrir endurskoðunarsinnaðir straumar muni nokkurn tíma ná að leggja stein í götu kommúnískrar hreyfingar í Svíþjóð undir leiðsögn SKP", segir í lok kveðju EIK(m-l).

ooooo000ooooo

EIK(m-l) sendu II. þingi PCE (m-l) - Kommúnistaflokki Spánar (marx-leníníстum) kveðju og stuðning við andfasíska baráttu, baráttu gegn endurskoðunarsinnum og risaveldum.

ooooo000ooooo

EIK(m-l) sendu útifundi samtaka herstöðvaandstæðinga á Lækjartorgi 21. maí svohljóðandi kveðju:

"Hagur ísl. alþýðu er sá að verja sjálfræði Íslands. Eflum því baráttuna gegn erlendri stóriðju og allri rányrkju - gegn NATO og bandarískri hersetu - gegn Sovétríkjunum auðstéttarinnar og stríðsundirbúningi beggja risaveldanna!

Göngum lengra - styrkjum samtök herstöðvaandstæðinga!"

100 þúsund kr. söfnunin fyrir 1. september fór langt yfir sett mark og það löngu á undan áætlun. VERKALÝÐSBLAÐIÐ hefur nú ákveðið að hleypa af stokkum nýrri söfnun - ½ milljón fyrir árslok. Þessi fjárhæð mun renna í sjóð til kaupa á vélum fyrir prentun á blaðinu. Þannig munum við smám saman koma fótum undir blaðið og gera það sjálfbjarga. Í næsta tölublaði verður gerð grein fyrir áætlun ritstjórnar um uppbyggingu prentsmiðju fyrir VERKALÝÐSBLAÐIÐ.
Söfnum ½ milljón fyrir árslok!

1/2 MILLJÓN fyrir prentvél





VERKALÝÐSBLAÐIÐ ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST! -tvisvar í mánuði!

Nýjar bækur í Október-búð

Nils Holmberg:
Friðsamleg gagnbylting 1. og 2. hluti. (Fredelig kontrarevolution del 1 og 2).
Lars Hultkrantz og Svante Johansson:
Island milli risaveldanna. (Island mellan supermakterna).
Jan Myrdal:
Kína eftir lát Mao Tsetungs. (Kina efter Mao Tsetung).
Fria Proteatern:
Sångar Från Ljugarbänken (Hljómplata)

Komið og kaupið bækur, hefti, plötur og plaköt.
OKTÓBER-BÚÐIN er opin:
Miðvikudaga Kl. 15-17
Föstudaga Kl. 17-19
Laugardaga Kl. 14-16

Október

Söfnum hundrað áskrifendum fyrir 1. september



VERKALÝÐSBLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)

Ábyrgðarmaður: Albert Einarsson

LAUGAVEGI 178, 2. HÆÐ
POSTHÓLF 5186, REYKJAVÍK
SÍMI 84210 - 35904

Gerist áskrifendur

Stuðningsáskrift: kr 2500 Árságkrift: kr. 1500
Hálfársáskrift: kr. 800

Áskrift greiðist á giró 12 200

9

Kosningar í haust?



Alþingi: hér er karpað um mismunandi leiðir til að stjórna auðvaldsríkinu Íslandi, en jafnframt er mörgum réttindamálum verkalýðs og alþýðu stungið undir stól. Hér stíga "sósíalískir þingsalapáfar" Alþýðubandalags í pontu og bjóðast til að stýra auðvaldsskútunni betur en auðvaldið sjálft. Fyrir verkafólk er því valið á milli þingsalaflokkanna val á milli pestar og kóleru.

Ein blekking borgaralegu stjórnmálaflokkanna, að Alþýðubandalaginu meðtöldu, er sú að ríkisstjórnir geti verið "óháðar" ríkisvaldinu sjálfu - öllu ríkisbákninu. Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur halda þeirri firru að verkafólki að "það sé við völd þegar "vinstri" stjórnir séu við völd"!

Öll reynsla fólks og marxlenínisminn kenna okkur að ríkið (ríkisvaldið) sé stéttbundið valdatæki þeirrar stéttar sem ræður í höfuðatriðum þjóðfélaginu. Á Íslandi er það auðstéttin, í Kína er það verkalýður og alþýða.

Ljótur leikur

Þrátt fyrir þessar staðreyndir er hringleikahús borgaraflokkanna staðreynd. Stjórnarandstaða hverju sinni segir stjórnina, "máttlausa", "duglausa","ósamstæða" og "ráðþrota". Ný stjórn stjórnarandstöðu sé allra meina bót. Stjórnarflokkar segja það sama um stjórnarandstöðuna. Stjórn hennar muni tákna "hrun". En allir hafa flokkarnir tekið þátt í ríkisstjórn hvor með öðrum, jafnvel Sjálfstæðisflokkur og Alþýðubandalag (Sósíalistaflokkurinn þá) og skjallað hvorn annan.

En hvað segir sagan?

Kauprán, verðbólga, skattaplágur o.s.frv. - sama hver stjórnin er. Þó einhver flokkur/stjórn reyni að kaupa sér líf með endurbótum, gengur ríkisvélin og auðsöfnunarvélin sinn gang og endurbæturnar hrynja með stjórninni sbr. "vinstri" stjórnina og afnám hennar á vísitölubótum á laun. En "fulltrúar alþýðunnar" fitna þó örlítið hverju sinni.

Kosningar

Öll stjórnlist hinna fölsku verkalýðsflokka miðast við kosningar fyrst og fremst. Klofningur í stjórnarliði og efnahagsmál gætu stefnt til kosninga í haust. En ekkert hindrar kreppuna, engar stórbreytingar yrðu á kjörum alþýðu þótt ný ríkisstjórn yrði eitt framhjólið í auðsöfnunarvélinni.

Aðalatriðið er að skipuleggja og heyja harða baráttu á grundvelli stéttabaráttunnar utan þings. Beita samfylkingum og verkalýðsfélögum sem baráttutækjum og vinna að stofnun stjórnmálaafls verkafólks og alþýðu - kommúnistaflokksins.

Í ljósi þessa munu EIK(m-l) líklega beita sér fyrir því að fólk skili auðu í komandi kosningum - meðan valkosturinn er rétt að vaxa úr grasi. Kommúnistar eru þó alls ekki andvígir kosningaþátttöku eða setu á þingi. Markmiðið með slíku er að efla utanþingsbaráttuna og afhjúpa fánýt þingsæti auðstéttarinnar og valdakerfi hennar.

Við myndum láta Alþýðubandalaginu eftir bankastjórastöðurnar, bitlinganna og setu í stjórn ÍSAL.

Í sósíalísku þjóðfélagi þarf ekki að fela að ríkisvaldið er valdatæki verkalýðsstéttarinnar í bandalagi við aðra vinnandi alþýðu. Þar þarf aðeins einn fulltrúa hins vinnandi fólks - þá heild sem baráttufúst og stéttvíst verkafólk og annað alþýðufólk myndar með flokk sinn í fararbroddi. Þess vegna er baráttan fyrir sósíalísku Íslandi svona mikilvæg til að útrýma auðvaldi og hringleikahúsinu sem við þekkjum af biturri reynslu.

Íslenskt arðrán erlendis

Þeir sem halda að íslensk borgarastétt sé einhver aukvisi sem hímir við pilsfald Bandaríkjanna hafa algjörlega rangt fyrir sér. Einokun hefur fyrir löngu orðið helsti þáttur íslensks auðvalds. Ríkisvaldið, auðhringir og einstök stórfyrirtæki ráða nú langt yfir 50% allrar framleiðslu á Íslandi.

Marxisminn kennir okkur að drottnunarstefna - þ.e. samruni banka- og iðnfjármagns, fjármagnsútflutningur og arðrán erlendis - er óhjákvæmileg afleiðing einokunarþróunarinnar.

Margir brosa af staðhæfingunni um að Ísland sé heimsvaldaríki, vegna þeirrar líkingar sem í orðinu felst.

Allar staðreyndir sýna þó að svo sé, enda á hugtakið ekkert skylt við heimsyfirráð, heldur táknar fyrst og fremst arðrán og ásælni erlendis. Hugmyndir um ósjálfstæði íslensks auðvalds og vanmat á styrk þess eru afar hættulegar. Þær geta jafnvel leitt til svikastefnu á borð við þá sem Alþýðubandalagið setur nú fram:

- Það styður innlent auðvald í samkeppni þess við erlent til að "bjarga alþýðunni".

Og Alþýðubandalagið átti stóran þátt í að efla einn helsta auðhring Íslands: Flugleiðir, með samruna flugfélagana í tíð "vinstri" stjórnarinnar. Þá stóð arðrán Loftleiða erlendis, t.d. á verkafólki í Lúxemborg, á Bahama-eyjum og í Hong Kong ekki í Alþýðubandalagsforystunni.

Ársvelta auðhringa SH og SÍS í Bandaríkjunum skiptir tugum milljarða ísl. króna. Þann gróða skapar bandarískt verkafólk eftir að þorskblokkin hefur borist frá því íslenska. Sérhver alþýðusinni verður að snúast til baráttu gegn arðráni íslenskra fyrirtækja erlendis og styðja hverja þá aðgerð sem verkafólk erlendis beinir gegn þessum fyrirtækjum.

Nýlega "efldust íslenskir atvinnuvegir" með auknum umsvifum þessara blóðsuga, sem eru gerfisósíalistum svo kærar.

Breiðholt h/f hyggur nú á enn meiri umsvif í Nígeríu en hingað til. Gegnum dótturfyrirtækið Scanhouse Ltd eru mörg hundruð íbúðir í byggingu eða á áætlun Breiðholts. Sigurður Jónsson sem nú hefur keypt öll hlutabréf fyrirtækisins fitnar á vinnu hinna láglaunuðu blökkumanna í Afríku.

Cargolux, sem Flugleiðir eiga stóran hlut í gerðist svo nýverið aðili að flugfélagi í Uruguay í S-Ameríku. Ekki veldur fasisminn og undirokun í landinu Arnarnes-forstjórum Flugleiða neinum áhyggjum. Hann (þ.e. fasisminn) ætti að tryggja "vinnufrið" í landinu a.m.k.!

Eitthvað þurfa Flugleiðir að gera við yfir 600 milljón króna hreinan hagnað á árinu 1976.

EIK(m-l) fordæma ásælni og arðrán íslenska einokunarauðvaldsins erlendis.

EIK(m-l) berjast gegn útflutningi fjármagns til annara landa, samtökin munu beita sér eftir getu í allri baráttu gegn arðráni ísl. fyrirtækja erlendis.

EIK(m-l) lýsa yfir samstöðu sinni með verkalýð og alþýðu þeirra landa sem íslensk fyrirtæki arðræna.

Opið hús

Það hefur því miður farið framhjá mörgum, að síðan kjaradeilan hófst hefur hópur fólks gengist fyrir fundum á hverju miðvikudagskvöldi á Hallveigarstöðum. Þar eru almennar umræður um kjaramálin og hafa jafnan verið þar fulltrúar úr hinni svokölluðu "aðalsamninganefnd" og svarað fyrirspurnum. Þekking þeirra hefur að sjálfsögðu verið af skornum skammti, því öllum mikilvægum upplýsingum er haldið innan hóps 5-10 "útvalinna".

Starfsemin er kölluð "Opið hús" og að henni standa að mestu "verkalýðsforingjar" úr "örðlegu deildinni", sem flestir kannast við frá ASÍ-þinginu. Hugmyndin með þessu er sögð vera að "þrýsta" á ASÍ-forystuna - en ekki að berjast gegn svindlstarfsemi hennar - og halda uppi einhverskonar "vinstri"-kjaftaklúbbi. Í samræmi við þetta beinir "Opið hús" kröftum sínum mest inná við - að páfunum á Loftleiðum - en reynir lítt sem ekki að snúa sé til verkafólksins á vinnustöðunum og í félögunum. Stefna þessarra afla er nefnilega sú að vera rauða andlitið á stéttasamvinnu ASÍ-páfanna, og er það að sjálfsögðu mjög hentugt fyrir toppana að hafa slíkt varalið að grípa til þegar óánægja fólks með augljós svik þeirra gengur úr hófi. Athyglisvert er, að trotskistarnir úr Fylkingunni ganga miklu lengra en margir AB-menn í að verja ASÍ-forystuna til hins ýtrasta, tala fyrir miðstýringu og samflotum o.s. frv. En þetta er skiljanlegt, stefna trottanna er nefnilega sú , að komast sjálfir í sætin.

Þrátt fyrir þessa pólitísku samsetningu þeirra, sem að "Opnu húsi" standa, er hér um mjög jákvætt skref að ræða. "Opið hús" er hinn gagnlegasti vettvangur umræðna og skoðanaskipta og er mjög mikilvægt fyrir allt baráttufólk að notfæra sér þessa starfsemi og starfa að því að hún verði aukin. Á hinn bóginn getur "Opið hús" ekki orðið annað og meira en slíkur umræðuvettvangur - hugmyndir um að það geti verið baráttutæki, t.d. staðið fyrir útifundum - eru fráleitar.

Valkosturinn í baráttunni við ASÍ-forystuna er einn:

Myndun andstöðuliða í stéttarfélögunum, sem starfa á grundvelli stéttabaráttu og virkja fjöldann!

Mao Tsetung

3

"óbeinum varasjóði" sem byltingin yrði að hagnýta sér. Þessar móthverfur eru "meðal þess þýðingarmesta fyrir framgang byltingarinnar". Áður og meðan á annarri heimsstyrjöldinni stóð fengust margar áþreifanlegar staðfestingar á þessu sjónarmiði Stalíns.

Með þessu sjónarmiði er það augljóst, að Vestur-Evrópa t.d., getur ekki lengur flokkast með Bandaríkjunum í greiningu á heimsástandinu.

Í riti sínu "Efnahagsvandamál sósíalismans í Sovétríkjunum" frá árinu 1952, sagði Stalín fyrir um þá þróun, sem verða myndi í öðrum heiminum: "Bandaríkin hafa gert Vestur-Evrópu, Japan og önnur auðvaldslönd háð sér; Þýskaland (Vestur-Þýskaland), England, Frakkland, Ítalía og Japan, sem fallið hafa í klær Bandaríkjanna, framkvæma hlýðin skipanir sem þaðan koma. En það væri rangt að halda, að þetta "góða ástand" geti varað "alla eilífð", að þessi lönd sætti sig við yfirdrottnun og ok Bandaríkjanna í það óendanlega, að þau muni ekki reyna að losa sig undan amerískri áþján og hverfa til sjálfstæðrar þróunar". (Bls. 33, sænsk útg.). Fyrir Lenín og Stalín líkt og það var fyrir Mao, voru þær kenningar framandi, sem leggja öll heimsvaldaríki að jöfnu, kenningar sem skreyta sig með "vinstri"-róttæknisglamuryrðum, og sem í dag veigra sér við að viðurkenna aðskilnaðinn milli fyrsta og annars heimsins.

Lenín skrifaði eftirfarandi í ""Vinstri -róttækni"- barnasjúkdómar kommúnismans" og beindi þar orðum sínum til þessara glamuróttæklinga:

"Voldugan andstæðing er aðeins hægt að sigra með mikilli áreynslu og skilyrðislaust með því að nota sér nákvæmlega, umhyggjusamlega, varkárlega og viturlega sérhverja "sprungu" milli óvinanna, sérhverja hagsmunaandstæðu milli hinna einstöku landa auðvaldsins ... Sá sem ekki hefur skilið þetta hefur ekki skilið neitt í marxisma né nútíma vísindum sósíalismans". (Úrvalsrit, 17:130).

Baráttuaðferðir ASÍ

1

það. Samningurinn sem nú er gerður á Loftleiðum ber hins vegar með sér að ASÍ-forystunni er ekki í mun að létta yfirvinnuþrælkuninni af verkafólki, því fjarri er að dagvinnukaup muni nægja til framfærslu meðalfjölskyldu.

3. Nú hefur ASÍ-forystan á yfirborðinu breytt um verkfallsaðferðir. Nú er ekki beitt hefðbundnu allsherjarverkfalli, heldur "staðbundnum eins dags verkföllum" eins og einn ASÍ-forkólfurinn kallaði það! Skæruverkföll eða skyndiverkföll eru afar árangursríkt vopn í kjara- og réttindabaráttu verkalýðs, sé þeim beitt í hag verkalýðnum, en ekki skipulögð svo þau komi atvinnurekendum sem best og sem blekkingarleikur gagnvart verkafólki. Dagsverkföllin sem skipulögð hafa verið skapa líkt og yfirvinnubannið, sáralítinn þrýsting á samninga.

Tilkynnt hefur verið um verkföllin með margra daga fyrirvara og atvinnurekendur hafa undirbúið sig í ró og næði til að taka við verkfallinu, (Flugleiðir auglýstu í marga daga flugferðir til útlanda og innanlands, sem komu í stað þeirra sem féllu niður verkfallsdagana o.s.frv.) Fólk hefur spurt: hverjum þjónar það að auglýsa aðgerðir langt fram í tímann? A.m.k. ekki verkafólki.

EIK(m-l) lýsa yfir eftirfarandi:

Verkfallsaðgerðir og yfirvinnubann ASÍ-forystunnar þjóna ekki baráttu verkafólks. Þessar aðgerðir valda atvinnurekendum eins litlum búsifjum og mögulegt er, en skerða hins vegar smánarlaun verkafólks um 25-30% í langan tíma og dregur þannig úr baráttuþreki þess. Þessar aðgerðir eiga það sammerkt, að þær eru andstæðar hagsmunum verkafólks. Gegn þessu setur EIK(m-l) fram:

1. Verkafólk felli smánarsamninga forystunnar.

2. Samningsvaldið verði tekið af svokallaðri samninganefnd verkalýðsfélaganna, en kosnar samninganefndir stéttarfélaganna fái það í sínar hendur.

3. Skipulögð skæruverkföll taki við af sýndaraðgerðum forystunnar, verkföll sem sett eru á fyrirvaralaust og stöðva sem mest af framleiðslunni. Samninganefndir félaganna hafi samráð sín á milli um beitingu verkfallsvopnsins.

Verkafólk verður að brjóta niður alger yfirráð ASÍ-forystunnar á verkalýðshreyfingunni. Það er ein helsta forsenda þess að árangur vinnist í baráttunni.